

**Ríkisútvarpið ohf. (RÚV) og Félag íslenskra hljómlistarmanna (FÍH)
gera með sér svofelldan**

S A M N I N G

**um gjaldskrá og önnur atriði vegna hljóðritana eða beinna útsendinga á tónlist og
flutnings tónlistar í útvarpi og sjónvarpi.**

1. gr.

Samningur þessi gildir milli RÚV og félagsmanna FÍH, sé ekki samið á annan veg um einstök verkefni til hækkunar frá því sem greinir í samningnum.

2. gr.

Fyrir hljóðfærileik í hljóðritun fyrir miðla RÚV, sem ekki er frá opinberum tónleikum eða öðrum opinberum tónlistarflutningi, skal greiða sem hér segir:

Útvarp:

- A) Allt að 20 mín. af flutningi: 40.000 kr.
- B) Allt að 40 mín. af flutningi: 60.000 kr.

Sjónvarp:

- A) Allt að 20 mín. af flutningi: 75.000 kr.
- B) Allt að 40 mín. af flutningi: 105.000 kr.

Semja skal sérstaklega um greiðslur taki flutningur lengri tíma en 40 mín. Greiðslur miðast við einn til sex flytjendur. Ef flytjendur eru fleiri skal semja sérstaklega. Einnig skal semja sérstaklega um hljómsveitarstjórn og útsetningar, kalli verkefnið á slíkt.

3. gr.

Fyrir hljóðritanir og eða útsendingar frá opinberum tónleikum, sem haldnir eru af þriðja aðila, skal RÚV gera skriflega samninga við tónleikahaldara þar sem skýrt er kveðið á um greiðsluskyldu þeirra til flytjenda fyrir hljóðritun eða útsendingu.

Eftirfarandi eru lágmarksgreiðslur til flytjenda. Miðað er við allt að 10 flytjendur. Séu þeir fleiri skal samið um það sérstaklega.

Útvarp:

- A) Upptaka að 30 mín. (stutt innkoma eða upptaka notuð í þáttagerð): 20.000 kr.
- B) Tónleikar í fullri lengd: 25.000 kr.

Sjónvarp:

- A) Upptaka að 30 mín. (stutt innkoma eða upptaka notuð í þáttagerð): 25.000 kr.
- B) Tónleikar í fullri lengd: 35.000 kr.

4. gr.

RÚV er heimilt að senda út útvarps – og sjónvarpsþætti í miðlum RÚV án þess að fyrir það komi sérstakar greiðslur aðrar en þær sem ofan greinir. Undir miðla RÚV fellur jafnt útvarp (sjónvarp og

L.H.
SE

hljóðvarp) svo og að senda út dagskrá á netinu, þ.m.t. í formi hlaðvarpa, hvort sem um er að ræða sérstaka netdagskrá eða dagskrá sem áður eða samtímis hefur verið hljóðvarpað, sem og aðrar dreifileiðir sem RÚV kann að styðjast við í framtíðinni (þ.m.t. samfélagsmiðlar) að því gættu að þær svari til þess sem viðgengst í heimi fjölmíðlunar. RÚV er jafnframt heimilt að hafa þættina aðgengilega í streymispjónustu RÚV á www.ruv.is og í VOD-kerfum sjálfstæðra dreifingaraðila (Frelsi/F-VOD).

5. gr.

Greiðslur skv. 2. - 3. gr. veita RÚV heimild til ótakmarkaðra útsendinga í miðlum þess.

RÚV er heimilt án sérstaks endurgjalds að senda út tilvitnanir í hljóðrit með tónlistarefní til kynningar á dagskrá eða sem tóndæmi í fræðsluerindi um tónlist, sbr. 14. og 4. gr. laga 73/1972.

6. gr.

Við dagskrármíðun til erlendra stöðva sem aðild eiga að Evrópusambandi útvarpsstöðva (EBU) skal hlíta ákvörðun gildandi samninga milli EBU og hinna þriggja alþjóðlegu samtaka listamanna FIA, FIM og FIAV varðandi alþjóðlegar sjónvarpssendingar.

Fái RÚV greiðslur fyrir tónlistarpætti frá erlendum útvarps- eða sjónvarpsstöðvum, skal semja sérstaklega við flytjendur um þóknun. Horfa skal til hefðbundinna útgáfusamninga og annarra rétthafasamninga varðandi greiðsluviðmið.

7. gr.

Samningar við einstaka tónlistarmenn skulu vera skriflegir ef annar hvor aðila óskar þess. Í skriflegum samningi skal tilgreina upptökudag og upptökutíma og umsamda greiðslu. RÚV setur að öðru leyti nánari reglur um skriflega samninga við tónlistarmenn skv. samningi þessum.

8. gr.

Fjárhæðir í þessum samningi, ásamt bókunum skulu breytast, til hækkunar eða lækkunar, 1. janúar og 1. júlí ár hvert í hlutfalli við breytingu á launavísitölu sem Hagstofa Íslands reiknar. Grunnur útreiknings er launavísitala janúarmánaðar 2024 en hún var X stig.

9. gr.

RÚV skuldbindur sig til að bæta þjófnað og skemmdir, sem verða á hljóðfærum meðlima FÍH í húsakynnum RÚV eða á þess vegum og gildir þetta einnig um tjón sem þriðji aðili veldur.

Verði hljómlistarmaður fyrir tjóni á fatnaði, úrum, gleraugum o.s.frv. á vinnustað, þar sem unnið er að verkefnum fyrir RÚV, skal það bætt samkvæmt mati.

Hljómlistarmanni ber að tilkynna skemmdir um leið og þeirra verður vart.

Eigi skal bæta tjón sem sannanlega er hægt að rekja til gáleysis eða hirðuleysis hljómlistarmanns.

10. gr.

Við flutning innan höfuðborgarsvæðisins á stórum og fyrirferðarmiklum hljóðfærum, eins og kontrabassa, trommusettum o.s.frv., til og frá vinnustað, skal RÚV sjá um slíkan flutning, sé þess óskað.

*U. Hr.
SE*

11. gr.

Tónlistarmanna skal ávallt geta í afkynningartexta í allri dagskrá sem þeir koma fram í.

12. gr.

RÚV er heimilt að endurflytja eldra efni í öllum miðlum sínum með þeim dreifileiðum sem RÚV kýs sbr. 23. gr. b) höfundalaga nr. 73/1972.

Fyrir réttindi þau sem að ofan greinir ráðstafar RÚV árlega kr. 16.301.745,- til þess að efla dagskrárgerð tónlistarpáttu í miðlum þess.

RÚV hefur kynnt FÍH tónlistarstefnu sína og skal upplýsa FÍH um breytingar sem verða á henni. Árlega skulu fulltrúar RÚV og FÍH hittast og fara yfir helstu áherslur í tónlistarnotkun. RÚV skal útbúa þau gögn sem FÍH óskar eftir til kynningar fyrir félagsmenn um tónlistarstefnu og tónlistarnotkun í miðlum RÚV. Þar með talið skal liggja fyrir greinargerð varðandi hvernig fjárhæð, fyrir notkun á eldra efni, hafi verið varið.

13. gr

Samningur þessi veitir RÚV heimild til þess að endurflytja, nota í þáttagerð og setja hljóðrit sem tekin eru upp í hljóð- og myndverum þess í miðlum á þess vegum þ.m.t. á veraldarvefnum (t.d. hlaðvarp). Heimild þessi nær þó ekki til útgáfu, svo sem á streymisveitum eða í föstu formi. Um slíkt skal samið sérstaklega.


RÚV hefur kynnt FÍH núverandi útgáfusamning RÚV við Öldu Music. Í honum er gert ráð fyrir að útgáfutekjunum (mastertekjunum) sé skipt á milli RÚV, útgefenda og flyttjenda í jöfnum hlutföllum, í þeim tilvikum sem samningar um slík réttindi liggja fyrir. RÚV mun tilkynna FÍH ef breytingar verða á núverandi fyrirkomulagi.

14. gr.


Samningur þessi gildir frá undirritun til 31. desember 2024 og fram lengist um eitt ár í senn sé honum ekki sagt upp með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara til lausnar um áramót.

Reykjavík, 22. maí 2024

F.h. Ríkisútvarpsins ohf.


Stefán Eiríksson

F. h. Félags íslenskra hljómlistarmanna


Gunnar Hrafnsdóttir